

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001.

#### 1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fyrir aukaskoðun vegna uppsetningar vinnuvéla eða tækja sem eru með gilda reglubundna skoðun, til dæmis byggingakrana eða hengiverkpalla, skal greiða 50% af gjaldi fyrir reglubundna skoðun. Það sama á við um aukaskoðun vegna breytinga eða viðgerða á vinnuvélum eða tækjum.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I:

- a. Í 30. flokki kemur „Lyftitæki, fjölnotatæki lyftigeta  $\leq 5$  t“ í stað orðanna „Lyftitæki, fjölnotatæki  $< 6$  tm lyftigeta“.
- b. Í 34. flokki kemur „Lyftitæki, fjölnotatæki lyftigeta  $> 5$  t“ í stað orðanna „Lyftitæki, fjölnotatæki  $> 6$  tm lyftigeta“.

#### 3. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er skv. 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. desember 2001.*

**Páll Pétursson.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*